

Ársskýrsla 2012

HUGVERKANEFND
HÁSKÓLA ÍSLANDS
OG LANDSPÍTALA

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	3
Skipan Hugverkanefndar og aðrir starfsmenn	4
Reglur um Hugverkanefnd.....	5
Hagnýting rannsókna	6
Uppfinningar	7
Sprotafyrirtæki	10
Önnur verkefni	11
Samstarf meðal tækniyfirfærsluskristofa	12
Fjármál	14



Ávarp formanns

Ínnan Háskóla Íslands og Landspítala eru stundaðar öflugar rannsóknir á fjölmörgum sviðum vísinda og tækni. Á undanförunum árum hafa stofnanirnar markað sér stefnu um aukna áherslu á hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna til hagsbóta fyrir stofnanirnar sjálfar, starfsfólk þeirra og samfélagið í heild. Hugverkanefnd HÍ og LSH er sá aðili sem metur hvort grundvöllur sé fyrir þátttöku stofnananna í slíku hagnýtingarferli. Nefndin og starfsmenn hennar fylgja auk þess eftir þeim hagnýtingarmálum sem stofnanirnar eiga aðild að.

Margt þarf að koma til svo hægt sé að tryggja árangur í starfi Hugverkanefndar. Hvetja þarf starfsfólk til að huga að hagnýtingarmöguleikum rannsókna og byggja þarf upp reynslu og hæfni í að finna hugmyndum sem bestan farveg til hagnýtingar, hvort sem um er að ræða einkaleyfi eða aðra hönnunarvernd, sprotafyrirtæki eða aðrar leiðir. Tryggja þarf að stofnanirnar hafi yfir að ráða lögfræðileggingu í hugverkarétti og samningagerð, þar sem oft er um að ræða mikla hagsmuni fyrir stofnanir, starfsfólk og samstarfsaðila. Byggja þarf upp skilvirkt alþjóðlegt samstarf við rannsóknastofnanir, tækniyfifærsluskrifstofur, einkaleyfastofur, ráðgjafaskrifstofur og aðra lykilaðila. Skilgreina þarf verkferla nefndarinnar og skrásetja skipulega hagnýtingarferli hugmynda. Tryggja þarf nefndinni fjármagn til að sinna sínum verkefnum og starfsfólki möguleika á að fjármagna þá vinnu sem oft er nauðsynleg til að sannreyna notagildi hugmynda.

Á árinu 2012 hefur Hugverkanefnd unnið að ofangreindum atriðum, auk þess að fylgja eftir verkefnum sem tilgreind eru í þessari skýrslu. Árangur í starfi nefndarinnar byggir að miklu leyti á starfi ritara og sérfræðings nefndarinnar, án þeirra væri nefndinni ógerlegt að sinna sínu hlutverki gagnvart HÍ og LSH. Ljóst er að samhliða áherslum á aukin umsvif þurfa stofnanirnar að taka alvarlega til greina að auka við starfslið nefndarinnar og skapa þannig vísi að tækniyfifærsluskrifstofu eins og þekkist við flesta þá háskóla og háskólasjúkrahús sem skipa sér í fremstu röð á heimsvísu.

Skipan Hugverka- nefndar og aðrir starfsmenn

Hugverkanefnd Háskóla Íslands og Landspítala starfaði með hefðbundnu sniði árið 2012. Nefndina skipuðu: Kristján Leósson Ph.D, Raunvísindastofnun, formaður nefndarinnar, Sigríður Ólafsdóttir Ph.D, ráðgjafi hjá SÓL ráðgjöf og Torfi Magnússon, læknir á Landspítala.

Með nefndinni störfuðu Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs Háskóla Íslands, Ágúst H. Ingbórsson, forstöðumaður Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands og Sigurður Guðmundsson, Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands. Ritari nefndarinnar er Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.

Líkt og undanfarin ár var Hugverkanefnd með starfsaðstöðu hjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands auk þess sem Rannsóknþjónustan sá nefndinni fyrir ritara sem annaðist dagleg störf nefndarinnar og sérfræðiþjónustu við afgreiðslu erinda nefndarinnar. Um áramótin 2012-2013 var Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands lögð niður og sú þjónusta sem stofnunin hefur séð Hugverkanefnd fyrir færð yfir til vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands. Skipulagsbreytingarnar eiga ekki að hafa áhrif á veitta þjónustu til Hugverkanefndar.

Fastir fundir Hugverkanefndar voru átta talsins árið 2012 en þar fyrir utan fundaði nefndin með Bo-Ragnar Tolf frá tækniyfirfærsluskrifstofu Karolinsku stofnunarinnar og Conny Bogentoft, fyrrverandi framkvæmdastjóra Karolinska Development.

Reglur um Hugverkanefnd

Í dag starfar Hugverkanefnd á grundvelli endurskoðaðra reglna um verklag við samningsgerð um hagnýtingu hugverka starfsmanna Háskóla Íslands og Landspítala frá árinu 2008. Frá því að reglurnar voru settar hafa verkefni nefndarinnar orðið umfangsmeiri og fleiri tilvik komið upp sem ekki eru skilgreind í reglunum. Á árinu voru því unnin drög að nýju erindisbréfi og starfsreglum fyrir nefndina. Við gerð erindisbréfsins og starfsreglnanna var stuðst við nágildandi reglur auk leiðbeininga frá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) fyrir háskóla og rannsóknastofnanir um þróun hugverkastefnu sem og hugverkastefnur annarra háskóla.

Helstu breytingar sem drög að nýju erindisbréfi og starfsreglum fela í sér frá núverandi framkvæmd eru eftirfarandi:

- a) Starfsreglurnar eru tengdar við stefnu Háskóla Íslands og Landspítala.
- b) Gildissvið reglnanna er skýrt nánar, m.a. hverja reglurnar varða og hvað fellur undir þær.
- c) Tilgreindir eru helstu hagsmunir aðila er tengjast hagnýtingarferlinu.
- d) Reglur varðandi tilkynningu til Hugverkanefndar eru ítarlegri, m.a. er tiltekin upplýsingagjöf til Hugverkanefndar um rannsóknir og samstarfsverkefni og réttur starfsmanns falli Hugverkanefnd frá hagnýtingu sem áður hefur verið ákveðin.
- e) Nefndar eru leiðir við hagnýtingu uppfinninga/nýjunga.
- f) Ný meginregla er sett fram um skiptingu fjárhagslegs afraksturs.
- g) Ákvæði eru nú til staðar um endurskoðun starfsreglnanna.

Erindisbréfið og starfsreglurnar voru kynnt stefnunefnd Háskóla Íslands og Landspítala í nóvember 2012. Gert er ráð fyrir að reglurnar verði lagðar fyrir Háskólaráð og forstjóra Landspítala til staðfestingar í byrjun árs 2013.



Hagnýting rannsókna

Háskóli Íslands og Landspítali leggja áherslu á að sú vinna sem fer fram innan stofnananna sé hagnýtt í þágu samfélagsins og er það hlutverk Hugverkanefndar að stuðla að þeirri hagnýtingu. Auk þess ber Hugverkanefnd að koma að ákvörðunum um skiptingu arðs og hvetja til áframhaldandi rannsókna og hagnýtingar þeirra til góðs fyrir samfélagið í heild. Hagnýting getur verið fölgín í því að stofnað sé fyrirtæki um rannsóknir starfsmanna, veitt sé nytjaleyfi á uppfinningu/nýjung, uppfinning/nýjung sé seld eða farið sé í samstarf um hagnýtingu hennar.

Starfsmenn hafa í flestum tilvikum frumkvæði að því að leita til Hugverkanefndar en nefndin leitar einnig að verkefnum auk þess sem verkefni berast í tengslum við samkeppnina um Hagnýtingarverðlaun HÍ.

Hugverkanefnd bárust sjö ný erindi árið 2012. Af þeim erindum fjölluðu tvö um uppfinningar sem þegar eru þekktar og var það mat nefndarinnar að erfitt væri að hagnýta af þeim sökum, tvö erindi vörðuðu stofnun sprotafyrirtækja, tvö erindi voru ekki talin falla undir verksvið nefndarinnar og eitt erindi sem barst í lok árs er nú til skoðunar.



Uppfinningar

Þegar Hugverkanefnd berst tilkynning frá starfsmanni skoðar nefndin hvort unnt sé að vernda uppfinningu/nýjung með einkaleyfi eða öðrum skráðum hugverkaréttindum með það að markmiði að þriðji aðili hagnýti viðkomandi uppfinningu/nýjung með kaupum eða nytjaleyfi. Jafnframt getur Hugverkanefnd ákveðið að fara í samstarfsverkefni með fyrirtæki, einstaklingi eða háskóla sem hefur þá sérfræðipækkingu og það bolmagn sem þörf er á. Slíkt samstarf getur leitt til nytjaleyfissamnings, stofnunar dótturfyrirtækis eða varanlegs viðskiptasambands. Þess má geta að í stefnu Háskóla Íslands 2011-2016 er fjöldi samstarfs- og þróunarverkefna með aðilum úr atvinnu- og þjóðlífi, einkaleyfaumsókna og veittra einkaleyfa auk annarra hagnýtingarverkefna (sem ekki leiða til stofnunar fyrirtækja og einkaleyfaumsókna) tilgreindir lykilmælikvarðar til að meta árangur af stefnu skólans.

Á árinu 2012 hafði Hugverkanefnd aðkomu að fjórum verkefnum er varða hagnýtingu uppfinninga. Það eru verkefni frásogshvati og mónókaprín sem eru frá árinu 2007, blóðstorkupróf frá árinu 2009 og meðgöngueitrun frá árinu 2011. Í öllum tilvikum er um að ræða einkaleyfishæfar uppfinningar og hafa umsóknir um einkaleyfi verið lagðar inn. Aðkoma Hugverkanefndar að verkefnum er mismunandi eftir eðli og stöðu verkefna.

Á næstu síðum er umfjöllun um þau verkefni sem Hugverkanefnd hafði aðkomu að á árinu 2012.

Frásogshvati - Nytjaleyfissamningur

Hugverkanefnd fær tekjur af einum leyfissamningi sem byggir á einkaleyfi Sveinbjörns Gizurarsonar, prófessors í Lyfjafræðideild, á nýjum frásogshvata sem nýtanlegur er á slímhimnum t.d. í nefi. Lyfjafyrirtækið Upsher-Smith hóf á árinu klínískar prófanir í fasa III í 10 löndum á flogaveikislyfi sem byggir á einkaleyfi Sveinbjörns en lyfið er gefið sjúklingum sem fá raðflogaveikiköst með nefúða í stað stungulyfs. Til að unnt sé að hagnýta uppfinningu Sveinbjörns fyrir önnur lyf þurfa tilteknar grunnrannsóknir að eiga sér stað. Í lok árs var leitað til tæknifyrfærsluskrifstofu Karolinsku stofnunarinnar í þeim tilgangi að skoða hvort að stofnunin geti aðstoðað við hagnýtingu uppfinningarinnar fyrir önnur lyf.

Mónókaprín

Dr. Halldór Þormar og samstarfsmenn hans, Hilmar Hilmarsson og Guðmundur Bergsson, þróðu aðferð við að framleiða vatnsblandanlegt mónókaprín-fleyti sem drepur bakteríur sem valda sýkingum í fólki, t.d. listeríu, kampýlóbakter, salmónellu, stafýlókokka og kólíabakteríur. Mónókaprín er örverudrepanði fituefni sem er einkum unnið úr kókósolíu. Öll efni í fleytinu hafa E-númer og eru viðurkennd sem fæðuaukaefni í unna matvöru, svo sem reyktan lax. Á árinu var sótt um leyfi til Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til að nota fleytið fyrir óunnið kjöt. Einnig er til skoðunar hvort að notkun á fleytinu falli undir skilgreiningu Evrópusambandsins á drykkjarhæfu vatni. Í lok árs samþykkti Evrópska einkaleyfastofan (EPO) að veita einkaleyfi á aðferð við að framleiða mónókaprín-fleytið.

Á árinu var unnið að því að styrkja samstarf við Matis, Tandur og Marel með það í huga að hefja notkun á fleytinu fyrir reyktan lax og hrogn. Einnig voru viðræður í lok árs við tæknifyrfærsluskrifstofu í Bergen um grundvöll að samstarfi m.a. við að nálgast hugsanlega viðskiptavinum á þessu sviði. Starfsmenn hugverkanefndar héldu að auki áfram viðræðum við alþjóðlegt framleiðslufyrirtæki sem sýnt hefur verkefninu áhuga.

Blóðstorkupróf

Páll Torfi Önundarson, prófessor við Læknadeild og yfirlæknir á Landspítalanum, og Brynja R. Guðmundsdóttir, klínískur lektor á Landspítalanum, fundu upp nýtt blóðstorkupróf, svokallaðan Fiix-prothrombin tíma (Fiix-PT), til að stýra betur gjöf blóðþynningarlyfsins Kóvar. Lyfið tekur fólk til þess að koma í veg fyrir blóðtappa. Árið 2012 hófust umfangsmiklar samanburðartilraunir á Landspítala til að sannreyna kosti hins nýja storkuprófs umfram þær aðferðir sem nú eru notaðar. Gert er ráð fyrir að þeim tilraunum verði lokið um mitt ár 2013. Íslenskt einkaleyfi á uppfinningunni var veitt á árinu. Þá var á árinu lögð inn alþjóðleg einkaleyfisumsókn hjá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) og umsókn hjá bandarísku einkaleyfastofunni.

Meðgöngueitrun

Sveinbjörn Gizurarson, prófessor í Lyfjafræðideild hefur sótt um einkaleyfi á uppfinningu er tengist notkun á fylgjupróteini 13 (PP-13) til meðhöndlunar á meðgöngueitrun. Erfitt er að meðhöndla meðgöngueitrun og við sjúkdómnum er engin lækning í dag. Til að unnt sé að hagnýta uppfinninguna þarf að framkvæma frekari rannsóknir og prófanir. Hugverkanefnd hefur á árinu verið í samskiptum við tæknifyrfærsluskrifstofu Karolinsku stofnunarinnar í þeim tilgangi að skoða hvort að stofnunin geti aðstoðað við hagnýtingu uppfinningarinnar.

Samningar um hugverkaréttindi

Hugverkanefnd hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að skýrir samningar séu fyrir hendi þegar um samstarf stofnananna og fyrirtækja er að ræða er varðar hugverk/uppfinningar. Nefndin vann á árinu að samningi við Guðmund G. Haraldsson prófessor, vegna ráðgjafar sem hann veitir erlendu fyrirtæki með rannsóknaraðstöðu við efnafræðistofnu Raunvísindastofnunar og samningi HÍ/LSH við Bláa Lónið.

Sprotafyrirtæki

Stofnun sprotafyrirtækja er vel þekkt form við hagnýtingu uppfinninga starfsmanna. Í stefnu Háskóla Íslands 2011-2016 er fjöldi stofnaðra sprotafyrirtækja einn af lykilmælikvörðum til að meta árangur af stefnu skólans, eins og áður hefur verið nefnt. Þegar Hugverkanefnd kemur að stofnun fyrirtækis eignast viðeigandi stofnun eignarhlut í fyrirtækinu gegn framsali á þeirri uppfinningu/nýjung sem stofnanirnar hefðu annars getað gert kröfu til. Stofnanirnar hafa ekki lagt fram fjármagn við stofnun fyrirtækjanna né tekið þátt í hlutafjárukningu þeirra.

Frá árinu 2008 hafa níu fyrirtæki verið stofnuð með aðkomu Hugverkanefndar. Þetta er fyrirtækin Oxymap, Akthelia, Oculis, Lipid Pharmaceuticals, Risk, Þróunarfélagið Stika, Hugarheill, iMonIT og Marsýn. Í töflunni hér á móti má finna upplýsingar um hlut HÍ og LSH í stofnuðum félögum.

Hlutafélagið Marsýn var stofnað á árinu með aðkomu Hugverkanefndar. Tilgangur félagsins er að þróa og markaðssetja upplýsingakerfi fyrir sæfarendur sem spáir fyrir um ástand sjávar svo sem ölduhæð, hitastig, seltu, straum og lagskiptingu frá yfirborði niður á botn, ásamt því að þróa hugbúnað sem spáir fyrir um útbreiðslu fiskistofna. Starfsemi fyrirtækisins byggir á rannsóknum Guðrúnar Marteinsdóttur, prófessors í fiski- og fiskavistfræði hjá Líf- og umhverfisvísindadeild og Kai Logemann sem er verkefnisstjóri hjá Líf- og umhverfisvísindastofnun. Háskóli Íslands á hlut í fyrirtækinu.

Á árinu var unnið að stofnun hlutafélagsins Ocean Sounds með aðkomu Hugverkanefndar og verður félagið formlega stofnað í byrjun árs 2013. Tilgangur félagsins er þróun, hönnun, framleiðsla og sala á fræðslu- og skemmtiefni um sjávarspendýr og hljóðmyndun þeirra m.a. á geisladiskum, pappírformi og margmiðlunarformi, t.d. fyrir tölvur og snjallsíma, svo og tilheyrandi þjónusta og starfsemi. Jafnframt er tilgangur fyrirtækisins að veita og selja einstaklingum og fyrirtækjum aðgang að sjávardýrahljóðum til eigin markaðssetningar og starfsemi. Starfsemi félagsins byggir á rannsóknum sem unnar hafa verið á Rannsóknasetri Háskóla Íslands í Húsavík af Marianne Helene Rasmussen, forstöðumanni setursins og Eddu Elísabetu Magnúsdóttur, doktorsnema. Háskóli Íslands mun eignast 10% hlut í félaginu.

Listi yfir hlutafélög stofnuð frá árinu 2008 með aðkomu Hugverkanefndar

	Heiti félags	Stofnár	Heildarhlutafé	Nafnvirði hlutar HÍ	Hluttur HÍ	Nafnvirði hlutar LSH	Hluttur LSH
1	Marsýn	2012	500.000 kr.	50.000 kr.	10%		
2	iMonIT	2011	500.000 kr.	50.000 kr.	10%		
3	Hugarheill	2010	500.000 kr.	20.000 kr.	4%	30.000 kr.	6%
4	Þróunarfélagið Stika	2010	500.000 kr.	50.000 kr.	10%		
5	Risk	2009	1.075.000 kr.	50.000 kr.	4,7%	50.000 kr.	4,7%
6	Lipid Pharmaceuticals	2009	908.056 kr.	30.000 kr.	3,3%	30.000 kr.	3,3%
7	Oculis	2009	1.497.000 kr.	90.000 kr.	6%	60.000 kr.	4%
8	Akthelia	2008	680.261 kr.	18.750 kr.	2,8%		
9	Oxymap	2008	1.110.000 kr.	30.000 kr.	2,7%	20.000 kr.	1,8%



Önnur verkefni

Hugverkanefnd sinni einnig öðrum verkefnum á árinu, sem fjallað er um hér að neðan. Þessi verkefni miða fyrst og fremst að því að styrkja innviði Hugverka-nefndar og samstarf nefndarinnar við aðrar tækniyfirfærsluskrifstofur.

Gæðamál

Árið 2012 hófst vinna við gerð verkferla fyrir meðhöndlun erinda Hugverka-nefndar. Gert er ráð fyrir að verkferlarnir verði birtir í Gæðahandbók Háskóla Íslands þegar þeir hafa að fullu verið innleiddir.

Fræðslu- og kynningarmál

Leggja þarf áherslu á vitundarvakningu innan stofnananna um hagnýtingu rannsókna, bæði meðal starfsmanna og nemenda, auk þess að kynna hlutverk nefndarinnar.

Fræðslu- og kynningarmálum var einkum sinnt seinni hluta árs 2012. Í september funduðu formaður nefndarinnar og ritari með Hilmari Braga Janussyni, forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands þar sem m.a. var rætt starf nefndarinnar og hagnýting rannsókna. Í sama mánuði var ritari nefndarinnar með kynningu fyrir rannsóknastjóra Háskóla Íslands um Hugverkanefnd. Í október var ritari með kynningu fyrir Lyfjafræðideild HÍ um Hugverkanefnd auk þess að funda með Hilmari Braga Janussyni, Einkaleyfastofunni og stjórn Félags einkaleyfasérfræðinga um vitundarvakningu á sviði hugverkaréttar og hagnýtingar en þessi hópur mun funda áfram á árinu 2013.

Í nóvember kynnti hluti nefndarmanna auk ritara þær breytingar sem nýtt erindisbréf og starfsreglur hafa í för með sér fyrir stefnunefnd Háskóla Íslands og Landspítala auk þess að veita ráðgjöf um nýsköpun, hugverkarétt og fyrirtækjarekstur á viðburðinum „unConference“ sem haldinn var af Landsbankanum og Háskóla Íslands. Í sama mánuði var ritari með kynningu um hugverkarétt og Hugverkanefnd í námskeiðinu „Frá hugmynd að veruleika“ sem kennt er á Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Í desember heimsótti formaður Hugverkanefndar Innovationskontoret hjá Karolinska Institutet í Stokkhólmi, m.a. til að kynna sér það starf sem sú skrifstofa hefur unnið til að hvetja til hagnýtingar rannsókna meðal starfsmanna stofnunarinnar.

Samstarf meðal tækniyfirfærslu- skrifstofa

Samstarf Hugverkanefndar við aðrar tækniyfirfærsluskrifstofur er mikilvægur liður í því að bæta þjónstu við starfsmenn og nemendur Háskóla Íslands og Landspítala auk þess að stuðla að aukinni hagnýtingu rannsókna.

Samstarf á sviði NORTH

Á árinu hófst formlegt samstarf tækniyfirfærsluskrifstofa á Norðurlöndunum á sviði heilbrigðisvísinda undir nafninu NORTH. Verkefnið er styrkt af norrænu ráðherranefndinni. Aðrir þátttakendur í samstarfinu eru tækniyfirfærsluskrifstofur sem starfa fyrir Háskólann í Uppsölum, Háskólann í Helsinki, Háskólann í Kaupmannahöfn, Háskólann í Árósum, Tæknigarðinn í Osló, rannsóknastofnanir í Bergen og Karolinsku stofnunina. Sigurður Guðmundsson, starfsmaður Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands og sérfræðingur hjá Hugverkanefnd er í stjórn verkefnisins fyrir hönd Íslands. Á árinu sótti Sigurður tvo fundi til að undirbúa frekari samvinnu milli stofnananna. Kostnaður við ferðirnar var greiddur af Tæknigarði. Samstarf þetta hefur þegar leitt til undirritunar samkomulags við tækniyfirfærsluskrifstofu Karolinsku stofnunarinnar sem fjallað er um hér að neðan. Auk þess hófust í lok árs viðræður við tækniyfirfærsluskrifstofuna í Bergen um grundvöll að samstarfi við hagnýtingu uppfinninga og rannsókna á sviðum sem ekki tengjast heilbrigðisvísindum.

Undirritað samkomulag við tækniyfirfærsluskrifstofu Karolinska

Bo-Ragnar Tolf, forstjóri tækniyfirfærsluskrifstofu Karolinsku stofnunarinnar (Karolinska Institutet – Innovationskontoret) í Svíþjóð, Hugverkanefnd og aðilar frá Landspítala funduðu hér á landi í júní. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna starf tækniyfirfærsluskrifstofu Karolinska og Hugverkanefndar auk þess að ræða samstarfsgrundvöll milli aðila.

Í nóvember var síðan undirritað samkomulag um samstarf milli Hugverkanefndar og tækniyfirfærsluskrifstofu Karolinsku stofnunarinnar við hagnýtingu hugverka og rannsókna. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Björn Zoëga, forstjóri Landspítala, undirrituðu samkomulagið ásamt Bo-Ragnar Tolf, í Háskóla Íslands.

Tækniyfirfærsluskristofa Karolinska var sett á laggirnar í nóvember 2010 og er hlutverk hennar að aðstoða starfsmenn og nemendur þar við að hagnýta hugverk og niðurstöður rannsókna. Skrifstofan sinnir áþekku starfi og Hugverkanefnd og er samkomulag um samstarf því mjög þýðingarmikið fyrir nefndina og hagnýtingu rannsókna Háskóla Íslands og Landspítala.

ASTP (Association of European Science & Technology Transfer Professionals)

Ritari og sérfræðingur Hugverkanefndar eru aðilar að samtökum evrópskra vísinda- og tækniyfirfærslusérfræðinga. Í maí sótti ritari Hugverkanefndar árlega ráðstefnu samtakanna í Berlín. Á ráðstefnunni voru áhugaverðir fyrirlestrar er tengjast störfum tækniyfirfærsluskristofa. Tæknigarður greiddi kostnað við ferðina.

Aðrir fundir

Í febrúar stóð Tækniþróun hf. fyrir fundi með Conny Bogentoft, fyrrverandi framkvæmdastjóra Karolinska Development, Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, Hugverkanefnd og álitlegum fjárfestum um möguleika á að byggja upp sprotasjóð líkt og Karolinska Development gerði með aðstoð Fjárfestingarsjóðs Evrópu. Niðurstaða fundarins var sú að íslenski markaðurinn væri of lítill til að unnt væri að byggja upp áþekkan sjóð.

Í nóvember fundaði Hugverkanefnd með yfirstjórn Landspítala þar sem farið var yfir starf nefndarinnar og samstarf aðila.

Frá undirritun samkomulags við tækniyfirfærsluskristofu Karolinska

Neðri röð frá vinstri: Björn Zoëga, forstjóri Landspítala, Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Bo-Ragnar Tolf, forstjóri tækniyfirfærsluskristofu Karolinsku stofnunarinnar.

Efri röð frá vinstri: Þórður Kristinsson, Jón Atli Benediktsson, Kristján Erlendsson, Kristján Leósson, Sigríður Ólafsdóttir, Torfi Magnússon, Inga Þórsdóttir, Guðmundur Þorgeirsson, Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir, Halldór Jónsson og Sigurður Guðmundsson. MYND/Kristinn Ingvarsson.



Fjármál

Fyrirkomulag við fjármögnun Hugverkanefndar hefur undanfarin ár verið með þeim hætti að Háskóli Íslands greiðir 2/3 og Landspítali 1/3 af kostnaði nefndarinnar. Samkomulag hefur verið um að nefndin hafi allt að 7,5 m.kr. til ráðstöfunar á ársgrundvelli.

Rekstrarkostnaður Hugverkanefndar var nokkru hærri árið 2012 en fyrri ár og skýrist það af hærri kostnaði Rannsóknþjónustunnar vegna aukins tímafjölda sérfræðinga við afgreiðslu erinda nefndarinnar. Á þessu ári líkt og fyrri ár hefur Tæknigarður greitt félagsgjöld að ASTP (Association of European Science and Technology Transfer Professionals) og AUTM (Association of University Technology Managers) fyrir starfsmenn Rannsóknþjónustunnar er sinna Hugverkanefnd, auk þess að greiða ferð fyrir einn starfsmann á árlega ráðstefnu ASTP.

Upplýsingar um rekstur Hugverkanefndar á árinu 2012 má sjá hér að neðan.

Rekstrartekjur	
Samningar	790.153 kr.
	790.153 kr.*
Rekstrargjöld	
Sérfræðiþjónusta Rannsóknþjónustunnar	6.140.000 kr.
Einkaleyfakostnaður	1.686.377 kr.
Önnur sérfræðiþjónusta	193.117 kr.
Ferða- og dvalarkostnaður	272.500 kr.
Fundagjöld	61.870 kr.
	8.353.864 kr.
Gjöld umfram tekjur	7.563.711 kr.

Í lok árs 2011 var rekstarhalli upp á 4.651.520 kr. sem bætist við 7.563.711 kr. rekstrarhalla ársins 2012. Í byrjun árs 2013 verður farið í það að gera upp rekstur Hugverkanefndar.

*Uppfinningamaður kann að eiga endurkröfurétt á hluta upphæðar.